

Sendist á nefndasvid@althingi.is fyrir 8. maí 2012

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

7. maí 2012

Alþingi
Erindi nr. P 140/2367
komudagur 10.5.2012

Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - 727. mál

Undirritaður/uð gerir eftirfarandi athugasemdir við þessa tillögu:

1. Í orkuauðlindum landsins felast mikil verðmæti sem eru lykill að því að koma þjóðinni úr óþolandi kreppuástandi. Ef óháðir sérfræðingar koma sér saman um að óhætt sé að nýta tiltekna auðlind, er þýðingarlaust að bíða. Vatnið sem rennur ónýtt til hafs er glötuð verðmæti og sama gildir um jarðhitann sem gufar upp engum til gagns.
2. Rammaáætlunar hefur lengi verið beðið og horft til hennar í von um sátt um nýtingu og vernd orkuauðlinda. Mikil fagleg vinna var lögð í skýrslu sérfræðinga verkefnisstjórnar sem skilað var til ráðherra í júlí 2011. Þar náðist grunnur að þjóðarsátt.
3. Því miður er ofangreind tillaga til þingsályktunar víðs fjarri faglegum niðurstöðum sérfræðinga verkefnisstjórnar. Búið er að tæta í sundur faglega vinnu þeirra, þannig að gott jafnvægi hefur breyst í pólitíska slagsíðu. Það ógegnisæja ferli miðar allt í sömu átt, þ.e. að draga úr orkunýtingu og möguleikum á verðmætasköpun í landinu.
4. Með tillögunni er ekki einungis kastað á glæ margra ára vinnu sérfræðinga við flokkun orkukosta, heldur líka stórkostlegum tækifærum til atvinnuuppbyggingar og möguleikum almennings til að afla sér mannsæmandi tekna. Engar aðgerðir stjórnvalda gegn kreppuástandi eru mikilvægari en að leyfa atvinnulífínu að ná sér á strik á heilbrigðum forsendum og skapa fólki um leið góða atvinnu.
5. Í ljósi alls þessa lýsi ég mig andvíga(n) framangreidri tillögu til þingsályktunar og vonum að Alþingi beri gæfu til að virða þann góða grunn sem náðist með margra ára faglegri vinnu sérfræðinga verkefnisstjórnar.

Nafn
Ævar Ákason

Kennitala
171255-2879